

Mennta og menningarmálaráðherra
Lilja Dögg Alferðsdóttir
Sölvhólgata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2020

2004029FG PLD

Efni: Álagsgreiðslur vegna Covid-19

Það er öllum ljóst að afrek hefur verið unnið í leik- grunn- og tónlistaskólum, og frístundaheimilum landsins undanfarna mánuði. Þrátt fyrir að heimsfaraldur Covid-19 hafi gríðarleg áhrif á samfélagið hefur að mestu tekist að halda uppi óslitnu skólastarfi við aðstæður sem eiga sér engar hliðstæður. Það hefur einungis verið mögulegt vegna starfsfólks þessara stofnanna sem hefur gert allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að börn og unglingar geti stundað nám, haft aðgang að frístundaheimilum og dvalið með félögum sínum í leikskólum.

Verulegar breytingar á starfsaðstæðum og starfsskilyrðum hafa átt sér stað. Þetta hefur haft miklar afleiðingar á inntak starfa og aukið álag á starfsfólk sem alla daga vinnur að því að mennta og gæta barna og ungmenna, og tryggja réttindi þeirra til náms og þroska.

Félag grunnskólakennara, Sameyki og Efling fara fyrir hönd félagsmanna sinna sem starfa í leik- grunn- og tónlistaskólum og frístundaheimilum fram á að Mennta og menningarmálaráðherra tryggi fjármagn þannig að greiddar verði álagsgreiðslur til starfsfólks. Greiðslan verði í formi eingreiðslu en útfærslan á hendi forstöðumanna hvers stofnunar. Heildarfjárhæð sem ráðstafað væri í álagsgreiðslur yrði um 1,0 milljarður króna.

Virðingarfyllt,

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður Félags grunnskólakennara
Sólveg Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar
Árni Stefán Jónsson, formaður Sameyki